

Sent til Mbl.is: 20.3.2020  
Birt í Mbl: 30.3.2020  
Skúli Jóhannsson  
Email: skuli@veldi.is  
Website: www.veldi.is

*Losunarheimildir og upprunaábyrgðir eru sitt hvort kerfið sem þjóna hvort sínu markmiði og án beinna tenginga sín í milli.*

## Losunarheimildir og upprunaábyrgðir í íslenska raforkukerfinu

Lögfræðingarnir Helgi Jóhannesson og Hilmar Gunnlaugsson hafa skipst á skoðunum í blaðagreinum í Morgunblaðinu dagana 4. – 14. mars. Þar hafa þeir stundað ýmis komar lögfræðihjal og orðhengilshátt. Ég ætla ekki að fara að elta ólar við þá um þær vangaveltur, en vil frekar ræða almennt um kerfi losunarheimilda og upprunaábyrgða eins og þau birtast í íslenska raforkukerfinu. Ég mun þó vísa til lögmannanna eftir því sem þörf þykir.

### Hugtök

Ég hef ávallt notað eftirfarandi skilgreiningu á hugtökum í raforkumálum og mun einnig gera það hér á eftir:

- Endurnýjanleg orka kemur frá náttúrulegum orkulindum og er notuð í sama mæli og þær koma fram í náttúrunni. Stöðuorka vatnsfalla er talin endurnýjanleg og jarðvarmaorka hefur jafnan verið flokkuð sem endurnýjanleg, því varmainnihald jarðgeyma er takmarkalaus eða nánast óendanleg.
- Sjálfbær þróun umhverfis vegna orkuframleiðslu uppfyllir þarfir nútímans án þess að skerða getu komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum síðar meir. Þessi hugsun hefur verið höfð að leiðarljósi við stefnumörkun 21. aldar.
- Græn raforka er framleidd úr endurnýjanlegri orku. Umhverfisáhrif virkjunar á endurnýjanlegri orku er sjálfbær.

Endurnýjanleg raforka og sjálfbær orka eru hvoru tveggja orðskrípi sem ber að forðast.

### Skýringarmynd

Ég leyfi mér að vísa í meðfylgjandi skýringarmynd, en þá framsetningu fannst mér vanta í fyrrnefndar blaðagrein þeirra tvímenna.

Á myndinni stendur ESB fyrir Evrópusambandið (EU - European Union), EES fyrir Evrópska efnahagssvæðið (EEA - European Economic Area) og svo hið heimatilbúna heiti EOVK á Evrópska orkuvottunarkerfinu (EECS - European Energy Certification System).

Raforkukerfi Íslands er sýnt á táknrænan hátt í miðjunni, kerfi losunarheimilda fyrir ofan og kerfi upprunaábyrgða fyrir neðan. Losunarheimildir og upprunaábyrgðir eru sitt hvort kerfið sem þjóna hvort sínu markmiði og án beinna tenginga þeirra í milli.

### Losunarheimildir

Við úthlutun á, verslun með og uppgjöri á losunarheimildum er notuð einingin tonn-CO2.

Ísland er með skylduaðild að Parísarsáttmálanum 2016 en þar eru tilgreind markmið stórs hluta heimsbyggðar í losun gróðurhúsalofttegunda á hverju ári, sem fer stöðugt minnkandi fram til 2050. Losunarheimildir fyrir Ísland eru nánar útfærðar í íslenskum lögum nr 70/2012 um loftslagsmál.

Markmið þeirra laga er að raunveruleg losun fyrir Ísland á hverju ári verði jöfn losunarheimild. Ef hún er minni verður til afgangur sem hægt er að flytja milli ára samkvæmt ákveðnum reglum. Ef hins vegar losun er umfram heimildir verður virkjun eða stóriðja að kaupa viðbótarkvóta t.d. á markaði (ekki sýndur á myndinni) til að losna við viðurlög sem varða sektum.

Fyrir íslenska raforkukerfið skiptir máli að í lögum er tilgreint að þau taki til brennslu eldsneytis í stöðvum með varmaafli sem er yfir 20 MW. Aðeins eldsneytisstöðin á Bolungarvík lendir í þessum flokki en hún getur framleitt 11 MW raforku sem þýðir að varmaafli þeirrar stöðvar gæti verið um 33 MW. Þetta lýsir sér með þunnum línunum úr frá kassanum á myndinni sem merktur er „Raforka úr eldsneyti“.

### Upprunaábyrgðir

Í úthlutun á verslun með og uppgjöri á upprunaábyrgðum er notuð einingin MWh-raforku.

Upprunaábyrgðir eru valfrjálsar og er tilgangur þeirra að ábyrgjast að viðskiptavinur sé að kaupa græna raforku sem hann telur sig þurfa til að geta sýnt fram á vegna einhverra viðskiptahagsmuna.

Kerfi upprunaábyrgða byggist á því að nota upplýsingakerfi Evrópusambandsins, en það leyfir að hægt sé að selja upprunaábyrgð frá raforkuframleiðanda á Íslandi þó svo að viðskiptavinur sé staðsettur í Evrópu og raftenging ekki fyrir hendi milli þeirra.

Upprunaábyrgðir eru tilkynntar inn í eftirlitskerfið í samræmi við sölu raforku til stóriðju á Íslandi, sem hefur afþakkað að kaupa upprunaábyrgðir. Við það stofnast inneign sem hægt er að selja til erlendra viðskiptavina. EOVK kerfið telur síðan niður inneignina í samræmi við raforkunotkun viðkomandi viðskiptavinar erlendis.

Um það hefur verið rætt að almennur markaður á Íslandi fái upprunavottun án sérstakrar greiðslu sem er þá innfalið í orkuverðinu.

Hugmyndin með þessu fyrirkomulagi var upphaflega að verslað væri með upprunaábyrgðir á frjálsum markaði, en sáralítill virkni hefur verið þar hingað til og mest er um bein viðskipti milli seljanda og kaupanda með millikomu í EOVK kerfinu. Markaðnum er því sleppt á myndinni.

Skýringarmynd: Losunarheimildir og upprunaábyrgðir í íslenska raforkukerfinu

